

## GÓÐUR REKSTUR Á ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI

- | Hagnaður eftir skatta nam 65,3 milljónum USD samanborið við 51,4 milljónir USD árið áður.
- | EBITDA nam 102,2 milljónum USD og jókst um 24,3 milljónir USD frá sama tímabili árið áður.
- | EBITDAR nam 114,3 milljónum USD samanborið við 92,7 milljónir USD árið áður.
- | Heildartekjur jukust um 17% milli ára.
- | Eiginfjárlutfall 40% í lok september 2013.
- | Handbært fé frá rekstri 30,3 milljónir USD samanborið við 10,1 milljón USD árið áður.

| Púsundir USD                            | 3. ársfj.<br>2013 | 3. ársfj.<br>2012 | Breyt.      | %<br>Breyt. | 9 mán.<br>2013 | 9 mán.<br>2012 | Breyt.     | %<br>Breyt. |
|---|-------------------|-------------------|-------------|-------------|----------------|----------------|------------|-------------|
| <b>Rekstrarreikningur</b>               |                   |                   |             |             |                |                |            |             |
| Heildartekjur                           | 371.662           | 317.351           | 54.311      | 17%         | 810.307        | 709.444        | 100.863    | 14%         |
| EBITDAR                                 | 114.316           | 92.665            | 21.651      | 23%         | 173.049        | 146.692        | 26.357     | 18%         |
| EBITDA                                  | 102.241           | 77.939            | 24.302      | 31%         | 136.863        | 103.709        | 33.154     | 32%         |
| EBIT                                    | 82.168            | 61.147            | 21.021      | 34%         | 83.939         | 58.938         | 25.001     | 42%         |
| EBT                                     | 81.851            | 64.757            | 17.094      | 26%         | 82.233         | 65.941         | 16.292     | 25%         |
| Hagnaður tímabilsins                    | 65.325            | 51.362            | 13.963      | 27%         | 65.526         | 52.492         | 13.034     | 25%         |
| <b>Efnahagsreikningur</b>               |                   |                   |             |             |                |                |            |             |
| Heildareignir                           | -                 | -                 | -           | -           | 877.490        | 794.683        | 82.807     | 10%         |
| Eigið fé                                | -                 | -                 | -           | -           | 352.226        | 306.368        | 45.858     | 15%         |
| Vaxtaberandi skuldir                    | -                 | -                 | -           | -           | 128.462        | 158.126        | -29.664    | -19%        |
| Handbært fé og markaðsverðbréf          | -                 | -                 | -           | -           | 218.336        | 167.675        | 50.661     | 30%         |
| Nettó vaxtaberandi skuldir              | -                 | -                 | -           | -           | -89.874        | -9.549         | -80.325    | -           |
| <b>Sjóðsstreymi</b>                     |                   |                   |             |             |                |                |            |             |
| Veltufé frá rekstri                     | 111.138           | 89.771            | 21.367      | 24%         | 157.811        | 130.657        | 27.154     | 21%         |
| Handbært fé frá rekstri                 | 30.272            | 10.106            | 20.166      | 200%        | 215.161        | 168.458        | 46.703     | 28%         |
| Fjárfestingahreyfingar                  | -24.288           | -21.489           | -2.799      | 13%         | -80.560        | -50.824        | -29.736    | 59%         |
| Fjármögnunarahreyfingar                 | -10.361           | -9.401            | -960        | 10%         | -37.290        | -45.329        | 8.039      | -18%        |
| Handbært fé í lok tímabils              | 215.484           | 151.552           | 63.932      | 42%         | 215.484        | 151.552        | 63.932     | 42%         |
| <b>Lykiltölur</b>                       |                   |                   |             |             |                |                |            |             |
| Afkoma USD cent á hlut                  | 1,32              | 1,04              | 0,28        | 27%         | 1,32           | 1,06           | 0,26       | 25%         |
| Innra virði hlutfjár                    | -                 | -                 | -           | -           | 8,68           | 7,55           | 1,13       | 15%         |
| Eiginfjárlutfall                        | -                 | -                 | -           | -           | 40%            | 39%            | 1,6 %-stig | -           |
| Veltufjárlutfall                        | -                 | -                 | -           | -           | 0,98           | 1,00           | -0,02      | -2%         |
| Fjárfestingar, púsundir USD             | 23.376            | 22.939            | 437         | 2%          | 93.707         | 66.614         | 27.093     | 41%         |
| Flutningatekjur % af heildartekjum      | 71%               | 72%               | -1,0 %-stig | -           | 69%            | 68%            | 1,7 %-stig | -           |
| EBITDAR hlutfall                        | 30,8%             | 29,2%             | 1,6 %-stig  | -           | 21,4%          | 20,7%          | 0,7 %-stig | -           |
| EBITDA hlutfall                         | 27,5%             | 24,6%             | 3,0 %-stig  | -           | 16,9%          | 14,6%          | 2,3 %-stig | -           |
| <b>Hlutabréf íslenskar krónur</b>       |                   |                   |             |             |                |                |            |             |
| Hæsta verð á tímabili                   | 15,30             | 7,21              | 8,09        | 112%        | 15,30          | 7,21           | 8,09       | 112%        |
| Lægsta verð á tímabili                  | 13,00             | 6,65              | 6,35        | 95%         | 8,28           | 4,83           | 3,39       | 70%         |
| Lokaverð tímabils                       | -                 | -                 | -           | -           | 15,20          | 7,13           | 8,07       | 113%        |
| Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir) | -                 | -                 | -           | -           | 76.000         | 35.650         | 40.350     | 113%        |

## BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI

„Starfsemi Icelandair Group hefur vaxið með arðbærum hætti á undanförunum árum. Fjöldi farþega í millilandaflugi er áætlaður 2,3 milljónir í ár en þeir voru 1,3 milljónir árið 2009. Áfangastöðum í millilandaflugi hefur fjölgað um 14 á sama tíma og flugvélar í okkar rekstri eru nú 40 en voru 26 árið 2009. Gistinóttum á hótélum okkar hefur fjölgað um 30% og starfsmenn okkar eru nú um 2.800 eða um 700 fleiri en árið 2009. Svo mikill vöxtur á stuttum tíma getur reynt mjög á innviði fyrirtækis. Til þessa hefur okkur auðnast að vaxa án verulegra áfalla. Það er ljóst að skýr áhersla félagsins á kjarnastarfsemina ásamt reynslu og þekkingu okkar metnaðarfulla starfsfólks er að skila okkur þessum góða árangri.

Afkoman á þriðja fjórðungi ársins var góð og hagnaður eftir skatta nam 65,3 milljónum USD samanborið við 51,4 milljónir USD á síðasta ári. Flugáætlun okkar í millilandaflugi á fjórðungnum var sú umfangsmesta frá upphafi. Við fluttum um 822 þúsund farþega. Farþegum á Norður-Atlantshafsmarkaðnum fjölgaði mest eða um 16% og voru þeir 52% af heildarfarþegafjölda félagsins. Tölulverð aukning varð einnig á ferðamannamarkaðinum til Íslands eða rúmlega 7%.

Það hefur verið yfirlýst stefna okkar frá árinu 2009 að draga úr árstíðarsveiflu og byggja Ísland upp sem heilsársáfangastað til að auka arðsemi greinarinnar í heild. Við höfum verið í fararbroddi að auka ferðamannastrauminn utan háannatímans og við sjáum áfram mikil sóknarfæri í vetrarferðamennsku. Við munum því áfram kappkosta að nýta þau tækifæri og þróa frekari vaxtarbrodda í íslenskri ferðapjónustu.“

## FLUTNINGATÖLUR

- | **Farþegar í millilandaflugi voru 822 þúsund og fjölgaði um 10%.**
- | **Sætanýting í millilandaflugi var 83,7%.**
- | **Seldum blokk tímum í leiguflugsverkefnum fækkaði um 9% á milli ára.**
- | **Seldum gistinóttum á hótélum félagsins fjölgaði um 1% á milli ára.**

|                                       | 3.ársfj. '13 | 3. ársfj. '12 | % br.       |
|---------------------------------------|--------------|---------------|-------------|
| <b>MILLILANDAFLUG</b>                 |              |               |             |
| Farþegafjöldi ('000)                  | 821,8        | 746,0         | 10%         |
| Sætanýting (%)                        | 83,7         | 84,0          | -0,3 %-stig |
| Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000) | 2.882,0      | 2.562,8       | 12%         |
| <b>INNANLANDS- OG GRÆNLANDSFLUG</b>   |              |               |             |
| Farþegafjöldi ('000)                  | 90,4         | 101,9         | -11%        |
| Sætanýting (%)                        | 73,1         | 69,0          | 4,1 %-stig  |
| Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000) | 53,9         | 62,9          | -14%        |
| <b>LEIGUFLUG</b>                      |              |               |             |
| Flotanýting (%)                       | 95,7         | 95,8          | -0,1 %-stig |
| Seldir blokk tímar                    | 7.325        | 8.089         | -9%         |
| <b>FRAKTFLUTNINGAR</b>                |              |               |             |
| Framboðnir tonn kílómetrar ('000)     | 61.203       | 54.963        | 11%         |
| Seldir tonn kílómetrar ('000)         | 23.189       | 21.005        | 10%         |
| <b>HÓTEL</b>                          |              |               |             |
| Framboðnar gistinætur                 | 98.907       | 96.284        | 3%          |
| Seldar gistinætur                     | 83.420       | 82.361        | 1%          |
| Herbergjanýting (%)                   | 84,3         | 85,5          | -1,2 %-stig |

Framboð í millilandaflogi jókst um 12% á þriðja ársfjórðungi og farþegum fjölgaði á sama tíma um 10%. Farþegaaukning varð á öllum mörkuðum, en mest var hún á markaðinum yfir N-Atlantshafið þar sem hún nam 16,1%. Aukning á ferðamannamarkaðinum til Íslands nam 7,2%. Sætanyting var 83,7% en nam á sama tímabili á síðasta ári 84,0%.

Farþegar í innanlandsflugi og flugi til Grænlands voru um 90 þúsund í fjórðungnum og fækkaði um 11% miðað við síðasta ár. Framboð var 14% minna en á sama tímabili í fyrra. Sætanyting í fjórðungnum nam 73,1% samanborið við 69,0% á sama tímabili á síðasta ári. Seldum blokk tímum í leiguflogi í fjórðungnum fækkar á milli ára vegna minni eftirspurnar á leiguflogsmörkuðum. Flutt frakt í áætluarflugi jókst frá fyrra ári um 10%. Fjöldi seldra gistinotta jókst um 1% á þriðja ársfjórðungi. Herbergjanýtingin nam 84,3% miðað við 85,5% á sama tímabili 2012.

## REKSTUR ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS

| Þúsundir USD         | 3. ársfj.<br>2013 | 3. ársfj.<br>2012 | Breyting   | % Breyting |
|----------------------|-------------------|-------------------|------------|------------|
| EBITDAR              | 114.316           | 92.665            | 21.651     | 23%        |
| EBITDA               | 102.241           | 77.939            | 24.302     | 31%        |
| EBIT                 | 82.168            | 61.147            | 21.021     | 34%        |
| EBT                  | 81.851            | 64.757            | 17.094     | 26%        |
| Hagnaður tímabilsins | 65.325            | 51.362            | 13.963     | 27%        |
| EBITDAR %            | 30,8%             | 29,2%             | 1,6 %-stig | -          |
| EBITDA %             | 27,5%             | 24,6%             | 3,0 %-stig | -          |

Afkoma Icelandair Group var góð á þriðja ársfjórðungi. Millilandastarfsemi félagsins gekk vel og fjölgun ferðamanna til Íslands hafði jákvæð áhrif á alla ferðatengda þjónustu. EBITDA var jákvæð um 102,2 milljónir USD og jókst um 24,3 milljónir USD milli ára. EBITDA-hlutfall jókst um 3 prósentustig frá þriðja ársfjórðungi 2012 og var 27,5%. EBIT var 82,2 milljónir USD en var 61,1 milljón USD á sama tímabili árið á undan. Hagnaður eftir skatta var 65,3 milljónir USD en var á sama tímabili 2012, 51,4 milljónir USD. EBITDAR var 114,3 milljónir USD samanborið við 92,7 milljónir USD á þriðja ársfjórðungi 2012. EBITDAR-hlutfall jókst um 1,6 prósentustig og nam 30,8%.

## TEKJUR

- | Heildartekjur voru 17% hærrí en á þriðja ársfjórðungi 2012.
- | Farþegatekjur jukust um 16% á milli ára.
- | Flutningatekjur 71% af heildartekjum.

| Þúsundir USD             | 3. ársfj.<br>2013 | 3. ársfj.<br>2012 | Breyting      | % Breyting | % af tekjum<br>2013 |
|--------------------------|-------------------|-------------------|---------------|------------|---------------------|
| Flutningatekjur:         | 264.430           | 228.853           | 35.577        | 16%        | 71%                 |
| Farþegaflug              | 254.085           | 219.287           | 34.798        | 16%        | 68%                 |
| Vöru- og pósthutningar   | 10.345            | 9.566             | 779           | 8%         | 3%                  |
| Flugvéla- og áhafnaleiga | 28.829            | 31.140            | -2.311        | -7%        | 8%                  |
| Aðrar rekstrartekjur     | 78.403            | 57.358            | 21.045        | 37%        | 21%                 |
| <b>Samtals</b>           | <b>371.662</b>    | <b>317.351</b>    | <b>54.311</b> | <b>17%</b> | <b>100%</b>         |

Flutningatekjur jukust um 35,6 milljónir USD, þar af hækkuðu farþegatekjur um 34,8 milljónir USD. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu drógust saman um 2,3 milljónir USD og námu 28,8 milljónum USD. Aðrar rekstrartekjur námu 78,4 milljónum USD og jukust um 21,0 milljón USD eða um 37% miðað við þriðja ársfjórðung 2012. Hækkunin skýrist af auknu umfangi rekstrar samstæðunnar. Tekjur af vörusölu á hótélum, flugvöllum og flugvélum jókst um 3,5 milljónir USD og tekjur af ferðapjónustu

jukust um 7,8 milljónir USD og námu alls 32,6 milljónum USD. Tekjur af seldri viðhaldspjónustu jukust töluvert, sem skýrist af aukningu á seldri ráðgjöf og innleiðingu á nýju afþreyingarkerfi og sætum í vélar fyrir viðskiptavini. Á móti hækkar kostnaður, sbr. skýringu á viðhaldskostnaði flugvéla hér að neðan. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á öðrum tekjum.

| Púsundir USD                                | 3. ársfj.<br>2013 | 3. ársfj.<br>2012 | Breyting      | % Breyting |
|---|-------------------|-------------------|---------------|------------|
| Vörusala á hótélum, flugvöllum og flugvélum | 23.893            | 20.379            | 3.514         | 17%        |
| Tekjur af ferðapjónustu                     | 32.559            | 24.771            | 7.788         | 31%        |
| Afgreiðslu og þjónustutekjur af flugfrakt   | 8.246             | 7.656             | 590           | 8%         |
| Seld viðhaldspjónusta                       | 9.729             | 1.642             | 8.087         | 493%       |
| Söluhagnaður/-tap af sölu rekstrarfjármuna  | 283               | -210              | 493           | -235%      |
| Aðrar rekstrartekjur                        | 3.693             | 3.120             | 573           | 18%        |
| <b>Samtals</b>                              | <b>78.403</b>     | <b>57.358</b>     | <b>21.045</b> | <b>37%</b> |

## KOSTNAÐUR

- | **Heildarkostnaður jókst um 30,0 milljónir USD.**
- | **Kostnaðarhækkarnir eru að mestu tilkomnar vegna aukins framboðs.**
- | **Flugvéla- og áhafnaleiga lækkar þar sem leiguvélum hefur fækkað.**

| Púsundir USD                             | 3. ársfj.<br>2013 | 3. ársfj.<br>2012 | Breyting      | % Breyting | % af<br>kostnaði<br>2013 |
|--|-------------------|-------------------|---------------|------------|--------------------------|
| Laun og annar starfsmannakostnaður       | 62.020            | 54.518            | 7.502         | 14%        | 23%                      |
| Eldsneytiskostnaður                      | 80.687            | 73.617            | 7.070         | 10%        | 30%                      |
| Flugvéla- og áhafnaleiga                 | 11.447            | 20.194            | -8.747        | -43%       | 4%                       |
| Afgreiðslu-, landingar og yfirflugsgjöld | 25.340            | 23.621            | 1.719         | 7%         | 9%                       |
| Viðhaldskostnaður flugvéla               | 24.335            | 14.760            | 9.575         | 65%        | 9%                       |
| Annar rekstrarkostnaður                  | 65.592            | 52.702            | 12.890        | 24%        | 24%                      |
| <b>Samtals</b>                           | <b>269.421</b>    | <b>239.412</b>    | <b>30.009</b> | <b>13%</b> | <b>100%</b>              |

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkuðu um 7,5 milljónir USD eða um 14% samanborið við þriðja ársfjórðung 2012. Skýrist það af auknu umfangi rekstrar og áhrifa samningsbundinna launahækkana.

Eldsneytiskostnaður jókst um 7,1 milljón USD sem er 10% hækkun frá sama tíma í fyrra og skýrist af auknu umfangi í millilandaflugi. Heimsmarkaðsverð á olíu var að meðaltali 992 USD/tonn á þriðja ársfjórðungi 2013 samanborið við 1.027 USD/tonn á sama tímabili 2012.

Flugvéla- og áhafnaleiga nam 11,4 milljónum USD og lækkaði í samanburði við þriðja ársfjórðung 2012 um 8,7 milljónir USD eða 43%. Skýrist það af færri leiguvélum í rekstri samstæðunnar.

Afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjöld hækkuðu um 1,7 milljónir USD á milli ára eða um 7% sem skýrist af auknu framboði ásamt almennum verðhækkunum. Viðhaldskostnaður nam 24,3 milljónum USD og jókst um 65% á milli ára. Skýrist það að mestu leyti af kostnaði tengdum viðhaldi fyrir viðskiptamenn, sbr. skýringu á auknum tekjum af viðhaldspjónustu hér að ofan. Annar rekstrarkostnaður nam 65,6 milljónum USD og hækkaði um 12,9 milljónir USD á milli ára. Í töflunni hér á eftir má sjá sundurliðun á öðrum rekstrarkostnaði.

| Púsundir USD                               | 3. ársfj.<br>2013 | 3. ársfj.<br>2012 | Breyting      | % Breyting |
|--|-------------------|-------------------|---------------|------------|
| Rekstrarkostnaður fasteigna og innréttinga | 6.098             | 5.588             | 510           | 9%         |
| Samskiptakostnaður                         | 3.257             | 3.104             | 153           | 5%         |
| Auglýsingakostnaður                        | 5.289             | 4.050             | 1.239         | 31%        |
| Umboðslaun, korta- og bókunargjöld         | 11.210            | 8.724             | 2.486         | 28%        |
| Kostnaðarverð seldra vara                  | 6.290             | 6.015             | 275           | 5%         |
| Þjónusta við farþega og hótélgesti         | 5.795             | 4.347             | 1.448         | 33%        |
| Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu           | 21.415            | 15.299            | 6.116         | 40%        |
| Breyting á niðurfærslu krafna              | -464              | -40               | -424          | 1060%      |
| Annar rekstrarkostnaður                    | 6.702             | 5.615             | 1.087         | 19%        |
| <b>Samtals</b>                             | <b>65.592</b>     | <b>52.702</b>     | <b>12.890</b> | <b>24%</b> |

## FJÁRMAGNSLIÐIR

- Fjármagnsliðir voru neikvæðir á fjórðungnum
- Gengisáhrif voru jákvæð um 1,4 milljónir USD samanborið við 5,1 milljónir USD á sama tímabili á síðasta ári

| Púsundir USD    | 3. ársfj.<br>2013 | 3. ársfj.<br>2012 | Breyting      | % Breyting   |
|-----------------|-------------------|-------------------|---------------|--------------|
| Fjármagnstekjur | 313               | 867               | -554          | -64%         |
| Fjármagnsgjöld  | -2.038            | -2.158            | 120           | -6%          |
| Gengisáhrif     | 1.419             | 5.058             | -3.639        | -72%         |
| <b>Samtals</b>  | <b>-306</b>       | <b>3.767</b>      | <b>-4.073</b> | <b>-108%</b> |

Fjármagnsgjöld á þriðja ársfjórðungi námu 2,0 milljónum USD og lækkuðu um 0,1 milljón USD á milli ára.

## EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- Heildareignir námu 877,5 milljónum USD í lok þriðja ársfjórðungs.
- Eiginfjárlutfall var 40%.
- Vaxtaberandi skuldir námu 128,5 milljón USD og lækka frá byrjun árs.

| Púsundir USD                   | 30.09.2013 | 30.09.2012 | Breyting | 31.12.2012 |
|--------------------------------|------------|------------|----------|------------|
| Heildareignir                  | 877.490    | 794.683    | 82.807   | 762.895    |
| Eigið fé                       | 352.226    | 306.368    | 45.858   | 295.932    |
| Vaxtaberandi skuldir           | 128.462    | 158.126    | -29.664  | 150.906    |
| Nettó vaxtaberandi skuldir     | -89.874    | -9.549     | -80.325  | 18.112     |
| Handbært fé og markaðsverðbréf | 218.336    | 167.675    | 50.661   | 132.794    |
| Eiginfjárlutfall               | 40%        | 39%        | 2 %-stig | 39%        |
| Veltufjárlutfall               | 0,98       | 1,00       | -2%      | 0,94       |

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 307,5 milljónum USD og jukust um 24,5 milljónir USD frá ársbyrjun. Sjá nánari umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á þriðja ársfjórðungi undir kaflanum um sjóðstreymi og fjárfestingar. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir flota félagsins í lok september. Alls voru 40 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 27 í eigu félagsins.

| Flugvéla-gerð  | Icelandair | Cargo    | Loftleiðir | Flugfélag Íslands | Flugfloti 30.09.13 | Flugfloti 31.12.12 | Eigin vélar | Leigu- vélar | Breyt. frá 31.12.12 |
|----------------|------------|----------|------------|-------------------|--------------------|--------------------|-------------|--------------|---------------------|
| B757 200       | 17         | 4        | 3          |                   | 24                 | 23                 | 17          | 7            | 1                   |
| B757 300       | 1          |          |            |                   | 1                  | 1                  | 1           |              | 0                   |
| B767 300       |            |          | 4          |                   | 4                  | 5                  |             | 4            | -1                  |
| B737 800       |            |          | 2          |                   | 2                  | 1                  |             | 2            | 1                   |
| Fokker F-50    |            |          |            | 6                 | 6                  | 6                  | 6           |              | 0                   |
| Dash 8-200     |            |          |            | 2                 | 2                  | 2                  | 2           |              | 0                   |
| A-320          |            |          |            |                   | 1                  | 1                  | 1           |              | 0                   |
| <b>Samtals</b> | <b>18</b>  | <b>4</b> | <b>9</b>   | <b>8</b>          | <b>40</b>          | <b>39</b>          | <b>27</b>   | <b>13</b>    | <b>1</b>            |

Eigið fé nam 352,2 milljónum USD í lok þriðja ársfjórðungs og eiginfjárlutfallið var 40% og hækkaði samanborið við lok þriðja ársfjórðungs 2012 þegar það nam 39%. Í árslok 2012 var eiginfjárlutfallið 39%.

Vaxtaberandi skuldir námu alls 128,5 milljónum USD, samanborið við 150,9 milljónir USD í ársbyrjun. Afborganir langtímaskulda á þriðja ársfjórðungi námu 10,4 milljónum USD. Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 218,3 milljónum USD í lok þriðja ársfjórðungs 2013 samanborið við 132,8 milljónir USD í byrjun árs. Nettó vaxtaberandi skuldir námu því -89,9 milljónum USD í lok fjórðungsins og lækkuðu um 108,0 milljónir USD frá áramótum.

| Þúsundir USD                      | 30.09.2013     | 30.09.2012    | Breyting       | 31.12.2012    |
|-----------------------------------|----------------|---------------|----------------|---------------|
| Vaxtaberandi langtímaskuldir      | 83.553         | 126.682       | -43.129        | 119.358       |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir     | 44.909         | 31.444        | 13.465         | 31.548        |
| Markaðsverðbréf                   | 2.852          | 16.123        | -13.271        | 15.734        |
| Handbært fé                       | 215.484        | 151.552       | 63.932         | 117.060       |
| <b>Nettó vaxtaberandi skuldir</b> | <b>-89.874</b> | <b>-9.549</b> | <b>-80.325</b> | <b>18.112</b> |

## SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- Handbært fé í lok þriðja ársfjórðungs var 215,5 milljónir USD.
- Fjárfestingar námu 23,4 milljónum USD.
- Afborganir langtímalána námu 10,4 milljónum USD.

| Þúsundir USD                      | 3. ársfj. 13   | 3. ársfj. 12   | Breyting      |
|-----------------------------------|----------------|----------------|---------------|
| Veltufé frá rekstri               | 111.138        | 89.771         | 21.367        |
| Handbært fé frá rekstri           | 30.272         | 10.106         | 20.166        |
| Fjárfestingahreyfingar            | -24.288        | -21.489        | -2.799        |
| Fjármögnunarahreyfingar           | -10.361        | -9.401         | -960          |
| Handbært fé, breyting             | -4.377         | -20.784        | 16.407        |
| <b>Handbært fé í lok tímabils</b> | <b>215.484</b> | <b>151.552</b> | <b>63.932</b> |

Handbært fé frá rekstri á þriðja ársfjórðungi nam 30,3 milljónum USD og hækkaði um 20,2 milljónir USD miðað við þriðja ársfjórðung 2012. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 10,2 milljónum USD. Fjárfestingar í langtímakostnaði og óefnislegum eignum námu 13,1 milljón USD. Sjá yfirlit yfir fjárfestingar hér í töflunni á eftir.

| <b>Púsundir USD</b>               | <b>3. ársfj. '13</b> |
|-----------------------------------|----------------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir      |                      |
| Flugvélar og fylgihlutir          | 2.284                |
| Hreyflayfirhöl eigin vélar        | 5.850                |
| Aðrar fjárfestingar               | 2.094                |
| Varanlegir rekstrarfjármunir alls | 10.228               |
| Langtímakostnaður                 |                      |
| Hreyflayfirhöl á leiguvélum       | 12.652               |
| Óefnislegar eignir                | 496                  |
| <b>Fjárfestingar samtals</b>      | <b>23.376</b>        |

Afborganir langtímalána námu 10,4 milljónum USD á fjórðungnum. Handbært fé lækkaði um 4,4 milljónir USD á fjórðungnum en lækkun á sama tímabili á síðasta ári nam 20,8 milljónum USD.

## HORFUR Í REKSTRI ICELANDAIR GROUP HF.

- | **Almennar horfur í flugrekstri fara batnandi**
- | **Umfangsmikill vöxtur áætlaður í millilandaflugi árið 2014**
- | **Jákvæð áhrif á íslenska ferðaþjónustu**

Samkvæmt nýjustu skýrslu IATA, alþjóðlegu flugmálastofnunarinnar, kemur fram að stjórnendur flugfélaga gera ráð fyrir batnandi rekstrarhorfum á næstu 12 mánuðum. Búið er við aukinni eftirspurn í farþegaflugi og almennri hækkun á meðalfargjöldum. Þá er reiknað með að kostnaður muni standa í stað eða jafnvel lækka vegna hagræðingaraðgerða. Einnig er gert ráð fyrir batnandi horfum á fraktmörkuðum, þótt ekki sé gert ráð fyrir að eftirspurnin eftir fraktflutningum muni aukast eins mikið og í farþegaflutningum.

Bókunarstaða fyrir fjórða ársfjórðung er ágæt og gefur til kynna að vöxtur verði áfram mestur á Norður-Atlantshafsmarkaðnum en einnig er gert ráð fyrir vexti á ferðamannamarkaðinum til Íslands. Á árinu 2014 gerir félagið ráð fyrir áframhaldandi arðbærum innri vexti. Flugáætlun í millilandaflugi verður sú umfangsmesta í sögu félagsins og 18% umfangsmeiri en árið 2013. Félagið gerir ráð fyrir að flytja 2,6 milljónir farþega sem er aukning um 350 púsund farþega frá árinu 2013. Áform um áframhaldandi arðbæran vöxt hafa jákvæð áhrif á alla ferðaþjónustu á Íslandi. Leiðakerfi félagsins er undirstaðan að komu ferðamanna til landsins og þegar ferðum er fjölgað til og frá landinu, þá fjölgar ferðamönnum jafnan í kjölfarið. Þremur Boeing-757 flugvélum verður bætt við flugflotann sem sinnir millilandaflugi og munu alls 21 Boeing-757 flugvél sinna leiðakerfinu á næsta ári. Flug verður hafið til þriggja nýrra áfangastaða og ferðum fjölgað til ýmissa borga í Norður-Ameríku og Evrópu. Nýir áfangastaðir verða Edmonton og Vancouver í Kanada og Genf í Sviss. Nýr loftumferðarsamningur á milli Íslands og Kanada mun opna félaginu aukin og áhugaverð tækifæri í flugi á milli landanna og í tengiflugi til Evrópu.

Markvisst hefur verið dregið úr leiguflugi með frakt í starfsemi félagsins. Fyrr í þessum mánuði var annarri af tveimur flugvélum sem sinna slíkum verkefnum skilað. Áherslan verður á frakt með áætlunarflugi til og frá Íslandi til Evrópu og Norður-Ameríku. Tvær fraktvélar munu áfram fljúga í áætlunarflugi ásamt því að lestar farþegavéla í millilandaflugi verða nýttar til fraktflutninga.

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á hótélum Icelandair Group á síðustu tveimur árum ásamt því að tvö ný hótél hafa verið opnuð. Viðskiptavinir hafa tekið þessu vel og hefur uppbyggingin aukið enn frekar aðdráttarafl áfangastaðarins Íslands. Sumarið 2015 fyrirhugar Icelandair Group að opna nýtt hótél í miðbæ Reykjavíkur. Nýja hótelið verður með 142 herbergjum ásamt veitingarekstri. Aukinn

áhugi erlendra aðila á ráðstefnuhaldi í Reykjavíkurborg hefur kallað á viðbótarframboð af gistingu í hærri gæðaflokki og félagið er að bregðast við þeirri þróun. Hótelinu er ætlað að koma á móts við þá eftirspurn ásamt því sem nálægð við Hörpu og miðbæ borgarinnar er mikill kostur.

Staða eldsneytisvarna félagsins í lok september er dregin fram í töflunni hér á eftir. Taflan sýnir að 32% af áætlaðri notkun á tímabilinu október 2013 – júní 2014 hefur verið varin með samningum. Auk samningsbundinna varna skilgreinir félagið samspil EUR/USD og eldsneytisverðs sem innri áhættuvörn.

| Tímabil        | Áætluð notkun (tonn) | Skiptasamn. og valréttir | Meðalverð samninga USD | Hlutfall varið |
|----------------|----------------------|--------------------------|------------------------|----------------|
| Okt 2013       | 17.776               | 8.250                    | 984                    | 46%            |
| Nóv 2013       | 15.216               | 7.250                    | 970                    | 48%            |
| Des 2013       | 13.959               | 7.250                    | 980                    | 52%            |
| Jan 2014       | 12.350               | 5.000                    | 971                    | 40%            |
| Feb 2014       | 10.719               | 5.000                    | 971                    | 47%            |
| Mar 2014       | 13.991               | 6.000                    | 984                    | 43%            |
| Apr 2014       | 15.001               | 2.000                    | 982                    | 13%            |
| Maí 2014       | 18.538               | 2.000                    | 994                    | 11%            |
| Jún 2014       | 24.396               | 3.000                    | 976                    | 12%            |
| <b>Samtals</b> | <b>141.947</b>       | <b>45.750</b>            | <b>978</b>             | <b>32%</b>     |

\* eru meðtaldir í dálknum „Skiptasamningar og valréttir“

## EBITDA SPÁ 2013

Félagið gerir ráð fyrir að EBITDA fyrir árið í heild muni nema 140-145 milljónum USD. Sú spá gerir ráð fyrir að meðalverð á hvert tonn á þotueldsneyti verði að meðaltali 1,004 USD/tonn í október og 1.000 USD/tonn í nóvember og desember. EUR/USD krossinn er áætlaður að meðaltali 1,35 á fjórða ársfjórðungi.

## HLUTHAFAR

- | Hlutabréfaverð Icelandair Group hefur hækkað um 84% frá áramótum.
- | Hlutabréfaverð Icelandair Group hækkaði um 17% á þriðja ársfjórðungi.
- | Markaðsvirði í lok september var 76,0 milljarðar íslenskra króna.

Markaðsvirði félagsins nam 76,0 milljörðum króna í lok þriðja ársfjórðungs 2013. Lokaverð fjórðungsins var 15,20 krónur á hvern hlut. Hæsta dagslokaverð á hvern hlut í fjórðungnum var 15,30 krónur, lægsta dagslokaverð á hvern hlut var 13,00 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 14,36 krónur á hvern hlut. Fjöldi útgefinna hlutabréfa þann 30. september 2013 var 5.000.000.000 og fjöldi útstandandi bréfa á sama tíma var 4.974.540.000. Hlutabréfaverð félagsins hækkaði um 84% á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 og fjöldi hluthafa var 1.771 í lok september og fjölgaði um 313 frá upphafi árs.



## Hlutabréfaverð og velta - þróun á fyrstu 9 mánuðum ársins 2013:



## KYNNINGARFUNDUR 31. OKTÓBER 2013

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 31. október 2013 á Hilton Reykjavík Nordica. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 16:30 og verður í sal F+G. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: [www.icelandairgroup.is](http://www.icelandairgroup.is) og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

## SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors þriðja ársfjórðungs 2013 var samþykktur á stjórnarfundum þann 30. október 2013.

## FJÁRHAGSDAGATAL

| Uppgjör 4. ársfjórðungs - vika 6, 2014

## FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- | Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- | Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801